

Fornleifakönnun á Reykjanesi

Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS060-98201
Reykjavík 1998



© Fornleifastofnun Íslands 1998

Efni:

| | |
|--|----|
| 1. Inngangur | 4 |
| 2. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á fornminjar | 5 |
| 3. Fyrri athuganir og staðhættir..... | 6 |
| 4. Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði..... | 7 |
| Í landi Staðar í Grindavík | 8 |
| Í landi Kalmanstjarnar í Hafnahreppi | 11 |
| 5. Niðurstöður | 16 |
| 6. Heimildir..... | 18 |

Viðauki : Kort og teikningar af menningarminjum á Reykjanesi

1. kafli. Inngangur

Hitaveita Suðurnesja fyrirhugar að bora efir heitu vatni á Reykjanesi og hefur látið framkvæma mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda fyrir allt svæðið sem afmarkast af línu frá Háleyjabungu um suðurenda Sýrfells og norður fyrir Rauðhól.

Í byrjun október 1998 fór VSÓ ráðgjöf, sem sér um framkvæmd umhverfismatsins, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrrgreindu svæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við staðkunnuga á svæðinu. Gengið var um þau svæði þar sem vitað var um minjar, svæði þar sem gróðurfar og aðrar vísbendingar gefa líkur til að ætla að fornminjar geti verið og þar að auki þau svæði sem líklegast þykir að framkvæmdir verði á. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

Vettvangsvinna var gerð dagana 9.-11. október 1998 af Hildi Gestsdóttur en Orri Vésteinsson sá um heimildakönnun og frágang skýrslu.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegar um Mávahlíðarri, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegar sunnan Fróðárheiðar, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

2. kafli. *Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminja*

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í

21. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

3. kafli. *Fyrri athuganir og staðhættir*

Engin eiginleg fornleifakönnun hefur verið gerð á skráningarsvæðinu enda er það fjarri byggð og umsvifum hefðbundinna atvinnuvega. Í byrjun 18. aldar skrifaði Árni Magnússon niður frásagnir gamalla Grindvíkinga um forn býli sem áttu að hafa verið ekki færri en sjö frá Reykjanestá að Staðarhverfi. Hann segir að lokum : “Pessa bæi meina menn til hafa verið alla áður en nesið brann. En nú er ekkert til baka nema brunahraun og sandar og er þar engum manni byggjandi.” (ÁM Chorographia, 50). Magnús Grímsson sem skrifaði ritgerð um ‘Fornminjar um Reykjanesskaga’ um 1860 þekkti svipaðar sagnir eftir Grindvíkingum “þó nú sjái þar hvergi til rústa né mannvirkja.” (Landnám Ingólfss II, 262).

Skúli Magnússon ritaði Lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu 1785: “Milli Grindavíkur og Hafna eru ýmis fjöll, og liggja þau um 7 mílna svæði út á Reykjanesskaga; er vegurinn þvert yfir frá Grindavík til Hafna eða Básenda um 4 mílur. Allt þetta svæði er ekki einungis graslaust hraun, heldur er það einnig alveg upp blásið og mjög þakið foksandi. ... Á Reykjanesi eru hverir nokkurir eða holur með sjóðandi vatni, sem er meira eða minna ótaert. Þeir eru ekki nærri ströndinni, heldur uppi í fellinu Hverhólmum. Þar er og dálítill brennisteinn, ...” (Landnám Ingólfss I, 113). Víðar er getið um þennan brennistein, sem af sumum var talinn vera postulínsleir en ekki er vitað um tilraunir til að nýta hann.

Skráningarsvæðið tilheyrir tveimur jörðum, Stað í Grindavík og Kalmanstjörn í Hafnahreppi. Landamerkin liggja um Valahnúk og þaðan bein lína í Sýrfell og er Bæjarfell því í landi Kalmanstjarnar en hluti túnsins frá vitavarðarbústaðnum nær inn í Staðarland. Gunnuhver er einnig í Staðarlandi.

Fyrir utan vallendisblett sunnan undir Bæjarfelli þar sem gerð var tilraun til búskapar um miðja 19. öld er skráningarsvæðið allt gróðurlítið og stóri hlutar alveg gróðursnauðir. Af þeim sökum voru nytjar af þessu landi litlar sem engar aðrar en

ríkulegur rekaviður og sölvatekja einkum í Staðarlandi. Á fyrri hluta 13. aldar rann hraun yfir norðurhluta svæðisins (Stampahraun) og hefur það í hugum seinni tíma manna verið ástæða þess að blómleg byggð á Reykjanesi lagðist í eyði. Miðað við aðstæður eins og þær eru nú verður það þó að teljast ólíklegt. Byggðin á að hafa verið sunnan á nesinu, þar sem forsöguleg hraun ganga í sjó fram og eru engar vísbendingar um að þar hafi fyrrmeir verið gróðurmeira. Ekki er óhugsandi að Stampahraun hafi eyðilagt bæjarstæði á norðuströnd nessins en ekki eru þekktar minjar um slíkt sunnar en meint bæjarstæði á Skjótastöðum (GK-032:008), norðanvert við Stóru Sandvík, utan við athugunarsvæðið. Tóftir munu vera á Háleyjabungu (GK-028:010), einnig utan við athugunarsvæðið, en þær munu tengjast útgerð eða sölvatekju frekar en búskap.

4. kafli. *Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði*

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún er í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-028:001). Í skránni eru allir þeir fornleifastaðir sem vitað er um á framkvæmdasvæðinu og falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga um hvað telst til fornleifa. Einnig eru skráðar upplýsingar um leifar sem teljast hafa minjagildi þó þær séu yngri en 100 ára. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt : fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni FSÍ, staðarheiti þar sem um slíkt er að ræða, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínumútur. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá. Í niðurstöðukafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér er gefið yfirlit um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu. Allir staðir þar sem mannvistarleifar eru teljast í hættu vegna þess að allt athugunarsvæðið er skilgreint sem borsvæði vegna áforma um jarðhitanýtingu.

Í landi Staðar í Grindavík:

GK-028:008

sundlaug

63°48.662 N 22°42.376 V

"... örskammt ofan við [Valahnúka]Mölina er gjá í hrauninu, sem heitir Valbjargargjá. Í henni var ylvolgt vatn, og þar var gerð sundlaug um 1930. Laugin var um 30 fermetrar að stærð, og var börnum í Grindavík kennt þar sund. Sjór mun hafa gengið inn í gjána, því dýpi í lauginni fór eftir því, hvernig stóð á sjó. Nú er sundkennsla í gjánni löngu aflögð, en enn má sjá ummerki eftir hana, hlaðinn steinvegg og tröppur niður í vatnið." segir Jón P. Þór í Sögu Grindavíkur. 1998: Sundlaugin er syðst og vestast í túni frá vitavarðabústað, um 10m norðan við Sjólaug, um 250 m SSV við Reykjanesvita.

Í náttúrulegri sprungu. Við austurenda sprungunnar hefur veggur verið hlaðinn upp með hraungrýti og myndar "U" á móts við sprunguna. Gengið er niður í laugina norðantil á austurvegg. Hleðslan í norðurenda er 1,5 m há en þar er klöpp í botninn en suðurendi laugarinnar er 3m djúpur. Veggurinn í austurenda er um 0,7 m hærri en umhverfið en hefur þó tæplega verið vatnsheldur. Mjög sérstætt mannvirki.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimild: Saga Grindavíkur I, 16-17.

GK-028:009 Rafnkelssstaðaberg örnefni býli 63°48.285 N 22°40.005 V

Um 1860 skrifar Magnús Grímsson: "Skarfasetur heitir hin yzta tá á Reykjanesi; þa er þar austur frá kallað Rafnkelssstaðaberg, þá Háleygjahæð ..." Þá segir Jón P. Þór í Sögu Grindavíkur: "Fyrir innan Básinn tekur við mishátt berg, 10-40 metra hátt. Það er oftast nefnt Krossvíkurberg, en Guðsteinn Einarsson kveðst einnig hafa heyrt það kallað Rafnkelssstaðaberg. ... Ekki er vitað til þess, að bæjarnafnið Rafnkelssstaðir hafi nokkurntíma verið til í Grindavíkurhreppi, og reyndar mun engin jörð á Suðurnesjum hafa heitið svo, nema Rafnkelssstaðir í Rosmhvalaneshreppi." Einig er getið um þennan stað í örnefnalýsingu: "... utar tekur við Krossvíkurberg, sem einnig er nefnt Hrafnelssstaðaberg (Ath.: í frb. var það oft haft Hrakkelsstaðaberg). Bendir nafnið til að þarna hafi einhvern tímann verið bær."

Gróðurlausir sjávarhamrar og eru engar fornleifar við Hrafnelssstaðaberg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landnám Ingólfss II, 262; Saga Grindavíkur I, 22; Ö-Staður, 13;

Ö-óbyggð Grindavíkur, 12

GK-028:015 *Krossvík* þjóðsaga um býli 63°48.583 N 22°40.043 V

"Stóra-Krossvík kemur þá. Hana eignar sér Staðarkirkja í Grindavík, en aðrir eigna hana Nesskirkju á Seltjarnarnesi og hefur nú Porkell í Njarðvík af Nessmönnum rekann þar. Í Krossvík skal hafa verið bær." hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Porkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Algerlega gróðursnauð klettaströnd og eru engar fornleifar á bessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimild: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:016 Herkistaðir þjóðsaga um býli 63°48.082 N 22°41.534 V

"Þar næst [utan við Krossvík] eru Herkistaðir. Skal hafa verið bær, eign Staðarkirkju." hafði Árni Magnússon eftir Eyjólf fi Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

þverhnípt klettaströnd, gróðursnautt. Engar fornleifar eru á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimild: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:017 *Skarfasetur* bjóðsaga um býli 63°48.052 N 22°41.919 V

"Næst Herkistöðum er Skarfasetur. Skal hafa verið bær. Eignin er þar óviss. Þar er og gagnslaust öldungis, því þar er engin fjara. Á Skarfasetri halda menn hafa verið kirkju Reyknesinga og er það fremst á nesinu. Segja menn kirkjuna þaðan færða til Staðar í Grindavík og Grindvíkinga til forna hafa sótt kirkju til Hrauns. Þessa bæi meina menn til hafa verið alla áður en nesið brann. En nú er ekkert til baka nema brunahraun og sandar og er þar engum amnni byggjandi." hafði Árni Mganússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Porkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Skarfasetur er gróðurlaus klettatöng og er á henni líttill viti. Engar fornleifar eru á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimild: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:020 tóft 63°49.106 N 22°41.093 V

Um 120 m VSV af Gunnuhver 021, um 10 m sunnan við veginn að hverasvæðinu er

tóft vestan undir lágum hraunhól, grasi grónum. Í hraundæld, grasi gróið hraun í kring. Hvarasvæði norðan og austan við.

Grjóthlaðin tóft. Virðist að einhverju leyti hlaðin utan í náttúrlegan grjóthrygg og er há hundaþúfa á austurlangvegg. Þelkan liggur í tóftinni og hefur verið úr rofi og plötum úr sléttu járni. Tæplega mjög gamalt mannvirki og tengist sennilega búskap vitavarða.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-028:021 *Gunnuhver þjóðsaga* 63°49.189 N 22°41.042 V
1841: "Hver er á Reykjanesi, Gunna kallaður, skammt eitt í landnorður af Grasfelli. Bullar hann og sýður í leireðju en ekkert sést tært vatn; er hverinn utan í hól; holan, sem sýður í með mörgum augum, er hér um 12-16 faðmar ummáls og niður að eðjunni fullkomnar þrjár álnir. Fremur líkist hver þessi bullandi feni en nokkrum vatnshver og öldungis ólíkur öllum þeim hverum, ég séð hefi í Borgarfirði, Biskupstungum og Laugardal." - "Um Hveravelli, sem eru norðaustur frá vitanum, er Gunnuhver, sem mun vera hérna megin merkjanna. Hann er kenndur við Guðrúnu sálugu Önundardóttur, sem steypti sér þar niður á leið yfir í eilífðina."

Gunnuhver er vel merktur og auðfundinn. Gert hefur verið bílastæði skammt sunnan við hann og gönguleið að honum og pallur við hann.

"... gufuhver einn mikill skammt ... frá [Gunnuhver] er kominn þar upp á þessari öld ... Rétt hjá "Gunnu" er töluverð fúlga af hreinni kísilsýru (kísill), sem lengi var kölluð postulínsnáma, af því að menn hugðu það vera postulín, en lítill arður hefir enn orðið af henni." Bjarni Sæmundsson: Suðurkjálkinn, ÁFÍ 1936, 40.

Vilhjálmur Jónsson á Kirkjubóli (d. 1706) átti í útistöðum við kerlingu eina, Guðrúnu Önundardóttur, út af potti sem hann átti að hafa tekið hjá henni, líklega upp í skuld. Heitaðist hún við hann. Vilhjálmur var viðstaddir greftrun hennar en fannst dauður, blár og beinbrotinn á víðavangi daginn efti. Var prestur fenginn til að vaka yfir líkinu en þóttist eiga fullt í fangi við að verja það fyrir ágangi kerlingar.

Afturgangan magnaðist mjög og næst dó ekkja Vilhjálms en fólk sem fór um þar sem lík hans fannst annaðhvort viltist eða varð vitstola. Þegar afturgangan var orðin svo mögnuð að menn sáu hana fullum sjónum voru sendir menn til séra Eiríks í Vogsósum en þegar þeir fóru af stað aftur frá honum fékk hann þeim hnoða sem þeir skyldu láta Gunnu taka í lausa endann á. Sagði hann að hnoðað mundi þá sjálft velta þangað sem hún mætti vera að ósekju. Sendimenn fóru þá heim og gerðu eins og

fyrir þá var lagt. Þegar Gunna tók í lausa endann á hnoðanu valt það af stað en hún á eftir. Sást það seinast til að hvort tveggja hnoðað og Gunna, steyptist ofan í hver þann suður á Reykjanesi sem síðan er kallaður Gunnuhver. Sumir segja að hnoðað færi ofan í hverinn, en Gunna héldi í endann; var endinn svo langur að Gunna gat staðið hálfbogin uppi á hverbarmínnum og trítlar hún þannig einatt til og frá kringum hverinn á blábrúninni hálfbogin. Tveir eru hverirnir og er annar stærri en annar; greinir menn á um það hver hverinn það er. ÞJÁ III, 508-510

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSGK, 142-43; Ö-Kalmanstjörn, 4; ÞJÁ III, 508-510

Í landi Kalmanstjarnar:

GK-032:007

heimild um sel

65°50.522 N 22°41.958 V

Á korti Landmælinga Íslands í 1:50000, merkt 1512 IV frá 1977, eru rústir merktar skammt norðan við Miðahól í Stampahrauni, um 150 m austan við gamla veginn að Reykjanesvita. Á kordinu eru rústirnar nefndar Sel. Þessi staður er um 500 m sunnan við efnisnám sunnan við Rauðhól. Miðahóll mun vitlaust merktur á þessu korti og er hinn eiginlegi Miðahóll mun sunnar, eða rétt norðan og austan gatnamóta vegar að vitanum og að Sjóefnavinnslu. Engar rústir eru á þessum stað, aðeins úfið sandorpið helluhraun nær algjörlega gróðurlaust og er útilokað að haft hafi verið í seli á þessum stað eftir að hraunið rann á 13. öld.

Í jarðabók frá 1703 er getið um sel frá Kalmanstjörn: "Selstöðu hefur jörðin átt sem nú er að mestu eyðilögð fyrir sandi, og verður því valla eður ekki brúkuð, og er augljóst að snart muni hún að öngvu liði verða." Í örnefnalýsingu er aðeins getið um Miðsel og Möngusel í landi Kalmanstjarnar og eru þau bæði nyrst og austast í landareigninni - Ö-Kalmanstjörn, 6. Staðhættir eru þannig í Stampahrauni að útilokað er að þar hafi verið haft í seli en vera má að einhverskonar aðhald eða rétt hafi verið á þessum stað, sem nú er komin á kaf í sand, þó ekki geti það talist líklegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Íslandskort í 1:50 000, 1512 IV; JÁM III, 27: Ö-Kalmanstjörn, 6.

GK-032:010

viti

63°48.676 N 22°42.766 V

Sumar og haust 1879 var reistur viti á Valahnúk og var hann tekinn í notkun 1.

desember sama ár. "... hann stóð illa, vegna þess hve átök sjávarins voru mikil og hins, að þarna eru oft jarðhræringar. Því var nýr viti reistur 1907 á Vatnsfelli."

Neðstu steinaraðir vitans sjást enn á bjargbrúninni og hefur mikið brotnað af hnúknum síðan hann var reistur því hluti af hleðslunum skagar útfyrir brúnina.

Í fylgiskjali með breytingartillögum fjárlaganefndar 1877 var lögð fram lýsing á fyrirkomulagi fyrirhugaðrar vitagerðar á Reykjanesi: "Eptir undirlagi sjóliðsstjórnarinnar hafði varða verið hlaðin á þeim stað, er ætlazt var til að á skyldi byggja. Varðan var óhreyfð, en þótti sett á ótryggum stað, því að 9 fetum þaðan á burt eru djúpar gjár, er benda til, að það, sem er í nágrenninu, muni hrunga niður í þær, þá er minnst vonum varir; þess vegna var annað merki sett 41,5 feti lengra til suðausturs; er það þannig gjört, að viðarstaur var rekinn í jörð niður og grjóti hlaðið að utan. ... A. Turninn. Jarðvegurinn undir er harður, blandaður smágrýti. Turninn skla hlaðinn af hrungrjóti sem fæst þar undir klettinum, og Portlands Cementi smurt 3 þumlunga djúpt inn alstaðar þar á milli, sem steinar mætast, og síðan roðið yfir með Cementi bæði utan og innan. / Steinlímið, sem haft verður til að binda grjótið, verður samsett af íslensku kalki, Portlands Cementi og sandi, sem fæst hjer um bil 1/2 mílu vegar þaðan á burtu ... Turninn skal hlaðinn í átthyrning; [í kjallaranum átti þvermálið að innan að vera 6 fet og mýrþyktin 4 fet og 7 þuml, niðurgarinn 2 fet 1 1/2 þuml] ... Á þeim stað, er setja skal turninn, verður að grafa fyrir undirstöðunum og setja hleðslur stallmyndaðar og að sjer dregnar. Kjallaragólfíð skal hellulagt ... Á kjallaranum er vindauga á mýrnum 9 þuml. hátt, 18 þuml. breitt, og málmgrind í að utan." 12. júlí 1878 var mæld út lóð fyrir vitann og vitavarðarbústað og var að því loknu hafist handa við smíðina sem lokið var er úttekt var gerð 20. nóvember sama ár. Fyrsti vitavörður var Arnbjörn Ólafsson. Hleðslurnar sem enn sjást eru úr grjóti og sandlími/segmenti. Þykkt veggjana hefur verið um 1m. Við rætur Valahnúks (rétt vestan við 017) er stór hrúga af grjóti úr vitanum

Hættumat: mikil hætta vegna landbrots

Heimildir: Steingrímur Jónsson: Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa, Landnám Ingólfss 1 (1983); Ö-Kalmanstjörn, 1-2.

GK-032:011

vitavarðarbær

63°48.860 N 22°42.416 V

Um 1860 segir Magnús Grímsson frá kotbýli undir Grasfelli, sem nú er kallað Bæjarfell: "Skammt upp héðan á nesinu er fell eigi allmikið, sem heitir Grasfell; þar var fyrir stuttu reistur bær, en þreifst ekki. Sér þar enn til túns og rústa, og er allgóður

hagi í túninu."

1879 var byggður viti á Valahnúk (sbr. 010) og var gert ráð fyrir að vitavörður mundi búa "í 1800 álna fjarlægð [frá vitnanum] utan í Bæjarfelli [þar sem] er skjól og vatn og graslendi fyrir kú og hesta. Íbúðarhúsin eru íslenzkur bær, stofuhús, útihús og peningshús. Brunnur skal grafinn austanundir bæjarvegnum og hlaðinn upp af Betonsteinum, samsettum af 1 hluta steinlíms, 2 hlutum sands og 4 hlutum hraunsteinsflísa. Setja skal bæinn þar, sem vottar fyrir hinum fornubæjarrústum." 12. júlí 1878 var mæld út lóð fyrir vitavarðarbústaðinn ásamt vitanum og var bærinn byggður þá um sumarið. Grímur Thomsen skrifar í októberlok: "Aptur á móti var búið að byggja bæinn handa vitaverði og hans hyski. Stendur bærinn utan í Skálafelli, á að gizka annan eins veg frá vitanum, eins og frá landshöfingjahúsinu í reykjavík upp að skólavörðu ... Hvorki er bærinn öflugur nje vel byggður. Innviðir eru fjarri því að vera góðir; bærinn þróngur, og eins fátækur og þurrabúðarmaður hefði byggt"

Hugsanlegt er að bærinn hafi verið þar sem núverandi vitavarðarhús eru, á hálsinum sunnanundir Bæjarfelli, en rústir sjást um 300m sunnan við Reykjanesvita, neðst í Bæjarfelli, fast austan við veginn þar sem hann sveigir út á hraunið í átt að Valahnúk. Á valllendisbrún í rótum lítils fells, hraun fast við að vestan.

Á þessum stað er mest áberandi hlaðinn veggur (0.3x3 m, 0.7m á hæð) úr hraunhellum og sandi. Sunnan við hann er ferhyrnd dæld (3x4m) um 0,4m djúp. Suður og austur af þeirri dæld er upphækkað svæði með öðrum gróðri en umhverfis. Svipuð upphækkum (um 6x2 m) er um 5 m norðan við hlaðna vegginn og önnur suðvestan við stærra svæðið, rétt sunnan við veginn. Sunnan við stærstu tóftina eru 5 hlaðnir torfveggir sem standa um 0.3m hátt. Þessir veggir mynda 3 svæði (um 12x10m), eitt þeirra skorið af veginum sem liggur fram hjá Bæjarfelli. Svæðið innan þessara veggja er mjög slétt og eru þetta sennilega kálgarðar. Vegirnir 012 og 018 enda báðir á þessum stað, undir núverandi vegi.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir.: Landnám Ingólfss II, 261; Steingrímur Jónsson: Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa, Landnám Ingólfss 1 (1983).

GK-032:012

leið

63°48.769 N 22°42.631 V

1879 var byggður viti á Valahnúk og vitvarðarbústaður undir Bæjarfelli og var fyrirfram sýnt að byggja yrði veg á milli "vegna þess, hve langt er milli turns og

bæjar, og líka vegna þess, að kletturinn er svo brattur, að eigi verður hestum fært, að bera byggingarefnið upp að turnstæðinu. Veginn skal leggja beina stefnu frá bænum til turnsins, en þegar komið er að klettnum, verður að leggja veginn í krákustíg upp að turndyrunum. Fyrsta hluta vegarins (frá bænum upp undir klettinn) skal hagað þannig; markað skal fyrir stefnu hans og breidd, grundvöllurinn ruddur og hlaðinn garður með fram veginum til beggja hliða af lausu grjóti, sem þar má fá nóg af.

Vegurinn 6 fet á breidd, grjótgarðurinn 4 feta hár. Vegurinn upp brekkuna er 3 feta breiður; þegar turninn er fullgjörður skulu grindur settar að utan." 1878 höfðu mælingamenn gert uppdrátt af svæðinu og sýnir hann veginn í krókum upp á hnúkinn. Í lok október 1879 kom Grímur Thomsen út á Reykjanes til að skoða framkvæmdirnar og segir í grein í Þjóðólfí: "Þetta er langur vegur á vetrardag í hverju veðri og færð, og á hverjum tíma dags og nætur sem er. Enda mun þörf á að búa hjer betur um, þó ekki væri nema með kaðal- eða vírþræði frá vitanum ofan að bænum."

Vegur sem svarar þessari lýsingu liggur frá Valahnúki að bæjarstæðinu 011 og hverfur þar undir nýjan veg, á móts við þar sem afleggjari liggur upp að nýja vitnum á Bæjarfelli. Um hraun. Vegur þessi er mjög hlykkjóttur, ólíkt 018, sem er austar. Steinum hefur verið rutt til hliðar til að mynda um 1.5m breiðan stíg. Lágur steinhlaðinn veggur er sithvoru megin við stíginn, 0.05-0.3 m hárr. Vegur þessi verður mjög ógreinilegur þegar komið er á Valahnjúk, þar hefur nýr stígur úr smásteinum verið lagður að nokkru leiti yfir hann

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Steingrímur Jónsson: Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa, Landnám Ingólfss 1 (1983).

GK-032:016 tóft 63°48.771 N 22°42.381 V
Allstór tóft út torfi og grjóti er í miðri brekkunni vestast í túninu frá vitavarðarbústað, um 400 m sunnan við Reykjanesvita og 50 m norðan við Sjólaug.

Tóftin er hlaðin úr torfi og reglulegu hraungrýti. Hleðslur standa hæst í norðausturhorni. Í miðri tóftinni er dæld, 1,5m í þvermál, um 0,5m djúp. Sennilega er þetta mannvirki ekki gamalt og tengist búskap vitavarða á Reykjanesi. Gæti verið stórt fiárhús.

Hættumat: hætta vegna framkyæmda

GK-032:017 tóft 63°48.723 N 22°42.644 V

Tóft er við rætur Valahnúks á milli veganna 012 og 018 þar sem koma upp að hnúknum.

Hlaðið úr hraungrýti, mest 6 umför af steinum, með bárujárnsþaki sem hangir enn uppi. Inngangur í vesturenda norður hliðar. Ekki hægt að sjá að hafi verið neinn garði eða þ.h. að innan. Hlutverk óþekkt en tengist sennilega annaðhvort búskap vitavarða eða vitavörlunni.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-032:018 vegur 63°48.783 N 22°42.552 V

Upphlaðinn vegur liggur þráðbeinn yfir hraunið frá bæjarstæðinu 011 og að rótum Valahnúks, um 2 m austan við tóftina 017.

Vegur þessi er hlaðinn upp af hraunhellum. Þær stærstu eru í jaðrinum og snúa sléttir hlið útávið, en minni hellur eru inn á milli. Viðast aðeins ein steinsröð en mest þrjár. Þessi vegur er sennilega yngri en 012 og hefur gegnt sama hlutverki, að auðvelda vitaverði að komast í vitann á Valahnúki á vetrardegi.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-032:019 tóft **63°48.672 N 22°42.729 V**

Efst á Valahnúki, um 5 m norður af vitarústinni 010, er allstór aflöng tóft.

Í austurhluta tóftarinnar eru torfveggir en í vesturhlutanum sjást aðeins reglulegir steinar sem marka fyrir veggjunum. Um 7m frá vestur enda, þar sem torfveggirnir enda virðist hafa verið skilveggur. Greinilegar dyr eru á vesturenda.

Hættumat: hætta vegna landbrots

GK-032:020 túngarður 63°48.860 N 22°42.416 V

Grjóthlaðinn túngarður er um tún vitavarðar sunnan undir Bæjarfelli.

Túnið er mest sunnan og suðaustan við Bæjarfell, víða deiglent og er mikill mosi í því. Sprettu orðin lítil í því. Garðurinn er víðast aðeins einföld hleðsla. Hann má rekja nokkurnveginn samfellt frá 011 til suðurs um lægð, framhjá 016 og niður að Sjólaug hjá sundlauginni GK-028:008. Þar beygir gaðurinn til norðausturs, og er að nokkru leyti úti í Sjólauginni og fylgir síðan klettajhallanum sem er í framhaldi af Valbjargargjá þar til komið er á móts við norðurenda Bæjarfells. Þá beygir hann til norðurs og endar við rætur fellsins. Annar garður skiptir túninu sunnan í hólnum sem er sunnan við Bæjarfell og lítið hólf er einnig sunnan við

sundlaugina. Garðurinn er víða hruninn og er ekki vel hlaðinn.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-032:021

vörðuð leið

63°49.999 N 22°42.305 V

Þrjár vörður, vel hlaðnar, eru í hrauninu skammt norðan og austan við Miðahól. Þær stefna NNV-SSA og hafa sennilega verið á leið milli Hafna og Reykjanesvita áður en bílvegur var lagður þangað.

Um hraun, ógróið en nokkuð greiðfært. Um 70 m eru á milli varðanna.

Ekki var leitað að fleiri vörðum í framhaldi af þessum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

5. kafli. Niðurstöður

- Athugunarsvæðið er fjarri byggðum. Það er gróðusnautt og hefur eingöngu verið hægt að nýta það til beitar, sem þó hefur verið takmörkuð. Þar fyrir utan hafa umtalsverðar fjörunytjar einnig verið hlunnindi fyrir jarðirnar tvær sem landið eiga og ýmsar aðrar sem áttu þar rekaítök, en ekki er vitað til að neinskonar mannvirkjagerð hafi tengst þeirru nýtingu.
- Á 13. öld rann hraun yfir nyrðri hluta svæðisins og gæti hafa eyðilagt mannvirki og jafnvel bæi, en engar sérstakar vísbendingar eru um slíkt, og er hraunið öræfi síðan.
- Á suðurströnd Reykjaness voru skráðir fjórir þjóðsögustaðir þar sem örnefni hafa gefið tilefni til sagna um forna byggð en engar mannvistarleifar eru þar.
- Þar fyrir utan eru aðeins tvö svæði þar sem fornminjar voru skráðar:
- Gunnuhver telst til fornleifa, enda þjóðsögustaður, og skammt frá honum er tóft sem tengist sennilega búskap vitavarða, en í kring um hverasvæðið er gróður meiri en annarsstaðar á svæðinu og hefur þar verið vetrarbeit.
- Gerð var skammvinn tilraun til búskapar undir Bæjarfelli um miðja 19. öld en 1879 var reistur þar bær fyrir vitavörð sem gæta átti hins nýja vita á Valahnúks.
- Vitinn á Valahnúk var fyrsti viti á Íslandi og hafa leifar hans og minjar um búskap vitavarða mikið gildi fyrir samgöngusögu Íslands.
- Allmargir staðir voru skráðir sem allir tengjast búskap vitavarða og vitavörslunni og eru þeir allir á litlu svæði milli Valbjargargjár og Bæjarfells.

- Þar er einnig hlaðin sundlaug frá um 1930 sem er mjög sérstætt mannvirki með mikið varðveislugildi.
- Milli Bæjarfells og hverasvæðisins er meiri gróður en víðast annarsstaðar á athugunarsvæðinu og verður að gera ráð fyrir að mögulegt sé að mannvistarleifar séu á því svæði, þó ekki séu líkur á því miklar.
- Einu minjarnar sem skráðar voru í Stampahrauni eru vörður á leið milli Reykjanesvita og Hafna og hafa þær flestar hrunið eða horfið vegna rasks.
- Engar fornleifar fundust á svæði því sem merkt er sem iðnaðarsvæði í svæðisskipulagi.

Á meðfylgjandi korti eru afmörkuð þrennskonar svæði:

I. Svæðið milli Valahnúks og Bæjarfells annarsvegar og hverasvæðið hinsvegar, þar sem vitað er um fjölda minjastaða og þar sem æskilegt er að rask verði takmarkað.


II. Gróið svæði í norðurhlíðum Skálafells þar sem fornleifa gæti verið að vænta og þar sem gæta verður sérstakar varúðar við jarðrask..

III. Önnur svæði, mest úfin og gróðurlaus hraun, þar sem ekki er vitað um neinar fornleifar og líkur á mannvistarleifum teljast hverfandi.

6. *Heimildaskrá*

- Árni Magnússon: *Chorographia islandica*, (Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta, annar flokkur I, 2), Reykjavík 1955.
- Bjarni Sæmundsson: 'Suðurkjálkinn.' *Árbók Ferðafélags Íslands 1936*, s.
- Brandur Guðmundsson: 'Lýsing á Höfnum [1839].' *Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess III*, (Rv. 1937-39), bls. 148-155.
- Geir Bachmann: 'Lýsing Grindavíkur 1840-41.' *Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess III*, (Rv. 1937-39), bls. 123-147.
- Guðsteinn Einarsson: 'Frá valahnúk til Seljabótar.' *Frá Suðurnesjum*
- JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11*, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.
- JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Jón Þ. Þór: 'Kirkjur fjórar og hverfi fimm? Hugleiðingar um byggð í Grindavík fyrir 1200.' árbók Suðurnesja 1993, 6. árg., s. 7-19.
- Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur I. Frá landnámi til 1800*, Grindavík 1994.
- Magnús Grímsson: 'Fornminjar um Reykjanesskaga.' *Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess II* (Rv. 1940), bls. 243-262.
- Magnús Á. Sigurgeirsson: 'Yngra-Stampagosið á Reykjanesi.' *Náttúrufræðingurinn* 64 (1995), 211-230.
- Sigurður B. Sívertsen: 'Lýsing Útskálaprestakalls 1839.' *Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess III*, (Rv. 1937-39), bls. 156-179.
- Skúli Magnússon: 'Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu 1785.' *Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess I*, (Reykjavík 1935)
- ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I-VI, Jón Árnason safnaði, ný útg. Rv. 1961.
- Þorkell Jónsson: 'Um rekamörk og örnefni á Reykjanesi.' *Blanda 2*, 48-50.
- Ö-Kalmanstjörn: Örnefnalýsing Kalmanstjarnar eftir Ara Gíslason. Örnefnastofnun.
- Ö-óbyggð Grindavíkur: Örnefni í óbyggðinni vestur og norður frá Grindavík, e.
- Þorstein Bjarnason frá Háholti (Lbs. 2857 4to). Örnefnastofnun.
- Ö-Staður: *Staður í Grindavík*. Örnefnalýsing gerð 1977, byggð á lýsingu sr. Gísla Brynjólfssonar í Staðhverfingabók, bls. 25-34 sem aftur byggði á lýsingu eftir Ara Gíslason. Örnefnastofnun.

GK-032:017 tóft




GK-032:019 tóft




1 m


GK-032:011 vitavarðarbær



GK-032:010 viti




GK-032:016 tóft




5 m

GK-028:008 sundlaug



GK-028:020 tóft





1 km